

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ólfusi.

Lóð á Óseyrartanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ólfuss á fundi sínum 23. júní 2016 deiliskipulag og umhverfisskýrslu fyrir land Óseyrartanga. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdafresti lauk 9. júní 2016. Á kynningartímanum kom ábending frá Vegagerðinni um helgunarsvæði Vegagerðarinnar. Deiliskipulagið var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu fyrir svæðið.

Aðalskipulagsbreytingin tekur til lóða á Óseyrartanga, reit V16 og er 12 ha og að innan þess sé heimilt að vera með verslun, veitinga- og gistiþjónustu.

Deiliskipulagið sem auglýst var tekur til 2 ha lóðar innan þessa svæðis. Leiðrétting hefur verið gerð á deiliskipulaginu í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar frá 19. september 2016.

Í auglýsingunni kom fram að innan lóðarinnar væri heimilt að byggja allt að 5.500 m² mannvirki fyrir gistingu, veitinga- og þjónusturekstur. Við afgreiðslu á deiliskipulaginu var samþykkt að byggingarmagn mætti fara í um 7.000 m² og þar með taldir fermetrar í kjallara hússins, miðað við nýtingarhlutfall lóðar, 0,35. Gistirými geta verið allt að 120 og húsið verður á tveimur hæðum. Hámarkshæð tveggja hæða byggingarinnar er allt að 10 m yfir landhæð og 5 m fyrir einna hæðar byggingu. Gert er ráð fyrir að heitir pottar verði utan við húsið og búningsklefar þar við og gufubað. Aðkoma er frá þjóðvegi, Eyrarbakkegi nr. 34. Fjarlægð frá vegi verður samkvæmt skipulagsreglugerð og reglum Vegagerðarinnar um veghelgunarsvæði og einnig tenging við þjóðveginn. Húsið mun falla vel að landi. Mannvirkið verður steipt upp og notað gler, ál, timbur og náttúrusteinn. Valin verða umhverfisvæn og endingargóð byggingarefni.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst og kynnt og hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 7. nóvember 2016.

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2016